



Vestfjarðastofa

Dómsmálaráðuneytið  
Borgartúni  
105 Reykjavík



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga

## Efni. Mál í Samráðsgátt nr 122/2022, drög að frumvarpi um sýslumann

Vestfjarðastofa fer með málefni Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt samningi þar um. Umsögn sem hér er skilað inn, er fyrir hönd þessara beggja aðila.

### Umsagnarfrestur.

Sá tímarammi sem settur var til samráðs í upphafi um framangreint mál, en var síðan lengdur um tvær vikur, jaðraði við vanvirðingu við umsagnaraðila og Samráðsgátt, vettvang stjórnvalda til opins samráðs við almenning og hagsmunaaðila. Annarsvegar það atriði, þegar sumarleyfi landsmanna standa hvað hæst og hinsvegar að horfa til mikilvægi málsins að gefa þá ekki hið minnsta lengri umsagnarfrest heldur en viðmiðunarreglur Samráðsgáttar segja til um þ.e. tvær vikur

Með vísan til framangreinds þá er umsögn knappari en ella og Vestfjarðastofa gefur sér allan rétt til að koma síðar að málinu í meðförum ráðuneytis og Alþingis.

### Markmið.

Með frumvarpinu er vísað til ýmissa markmiða stjórnvalda og ríkisstjórnarsáttmála, Vestfjarðastofa telur eftirfarandi markmið mikilvægust til umfjöllunar

- að efla stafræna þjónustu til að auka jafnræði landsmanna í aðgengi að þjónustu, jafnframt sem stafræn þjónusta leiði til hagræðingar í rekstri ríkisins en geti samtímis leitt af sér nýsköpun í opinberri þjónustu.
- að efla starfsemi ríkisins utan höfuðborgarsvæðis með eflingu starfsstöðva
- auka hagræði í opinberum rekstri með stækkun stofnana

Almennt verður ekki á móti mælt framangreindum markmiðum ef felí þau í sér að auka þjónustu án aukinna fjárútláta. Hér er hinsvegar lýst miklum áhyggjum af því að eftirfylgni með þessum markmiðum verði misjöfn og óljóst er hvert þessara markmiða verði á endanum leiðandi í starfsemi sýslumanns (verði frumvarp samþykkt í lítt breyttri mynd). Eins er framkvæmd málsins mikið til vísað á útfærslu stofnunarinnar og ráðherra. Óskað eftir að í endanlegu frumvarpi verði mun nánar lýst hvernig stuðlað verði jafnræði í framkvæmd markmiða til að tryggja að allar hliðar málsins verði ræddar á Alþingi og vilji þingsins hvernig haga eigi stjórnarsýslu í þessum málaflokki. Nánar verður farið yfir einstök markmið og reynslu af framkvæmd mála hér síðar í umsögn.

### Sameining embætta sýslumanns.

Vestfjarðastofa hefur vegna skamms umsagnarfrests og tímasetningu samráðs, ekki getað aflað sér nægjanlegra upplýsinga til að taka afstöðu hvort eitt eða fleiri embætti sé hindrun í að koma markmiðum frumvarpsins í framkvæmd. Athygli vekur að þrátt fyrir núverandi stöðu þá hafa embættin náð “eftirtektarverðum framförum undanfarin ár” (bls 5) og þjónustukannanir gefa til kynna að lágt hlutfall þeirra sem eru verulega óánægðir með framkvæmd embættanna. Mætti hér álykta að ná megi markmiðum frumvarpsins með núverandi skiptingu embætta sýslumanns, en þá á lengri tíma en halda þá jafnframt þeim gæðurm sem núverandi fyrirkomulag hefur.



## **Framkvæmd markmiða og reynsla.**

- **Markmið um stafræna þróun.**

Fátt er jákvæðara ef stafræn þróun geti aukið jafnræði almennings óháð búsetu til að geta notið þjónustu ríkisins, aukið skilvirkni, leitt til hagræðingar í rekstri og nýsköpunar í opinberum rekstri. Þannig verði til sparnaður í tíma og ferðalög fyrir almenning að sækja þjónustu sýslumanns. Hér ber hinsvegar að gæta að stöðu jaðarsettra hópa, að einstaklingar geti nýtt nýja tækni án sérstakra ráðstafana. Eins verður að taka tillit til þess eðli fjölda verkefna sýslumanna, sem verða ekki leyst með stafrænum hætti s.s. fjölskyldumál, persónuréttindin, fullnustumál svo eitthvað sé nefnt.

- **Markmið eflingu starfsemi utan höfuðborgarsvæðis.**

Verði af samþykkt frumvarpsins er tekið er undir það markmið að aðsetur sýslumanns verði utan höfuðborgarsvæðis, en að gefinni þeirri forsendu að öll yfirstjórn embættisins fylgi þar með. Starfstöðvar á höfuðborgarsvæði leggi áherslu á að sinna góðri almennri þjónustu en sérhæfð störf verði byggð upp í starfstöðvum utan höfuðborgarsvæðis og fjármögnun verði tryggð strax í upphafi starfseminnar.

Í markmiðum ríkisstjórnarsáttmála er lögð áhersla á að efla starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðis og hið sama kemur fram í markmiðum og beinum aðgerðum í Byggðaáætlun. Vestfjarðastofa bendir á að Vestfjörðum eru góðar aðstæður að efla opinbera starfsemi jafnt á við aðra landshluta m.t.t. gagnatenginga, raforkuöryggis og heilsárssamgangna, að því gefnu að ríkið tryggi jafnræði í vegajónustu og þá vetrarþjónustu sérstaklega.

- **Markmið um hagræði í opinberum rekstri með stækkun stofnana**

Út frá reynslu á framkvæmd laga nr 50/2014 um framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins, þá telur Vestfjarðastofa að setja verði sérstaka áherslu í endanlegu frumvarpi, hvernig staðið verði að framkvæmd og hvernig fjármögnun verði háttáð. Hér verði að vera skýrt hvernig ná eigi því markmiði um eflingu starfsemi ríkis utan höfuðborgarsvæðis bæði kostnað við uppbyggingu embættis í byrjun og framtíðarrekstur. Skýra verður einnig nánar hvort skrifstofa sýslumanns verði sérstök skrifstofa og þá viðbót við hinar 25 starfstöðvar eða hluti af starfssemi starfstöðar þar sem hún verður endanlega staðsett.

Ekki má endurtaka sömu mistök og gerð voru 2015 þegar nær ekkert nýtt fjármagn var sett til breytinga á þáverandi starfsemi og ný verkefni sýslumanna höfðu ekki mótuð við breytinguna. Tilgreint var á sínum tíma að leitast yrði eftir við önnur ráðuneyti um tilflutning verkefna en þegar til kastana kom þá voru þau ráðuneyti ekki tilbúin til slíks. (sjá skrifleg svör við fyrirspurnum Bjarkeyjar Olsen Gunnarsdóttur, alþingismanns til tíu ráðuneyta á 145. Löggjafarþingi, dags 8. apríl 2016).

Dómsmálaráðuneyti stóð því eitt í því verkefni að flytja hluta verkefna til sýslumannsembættanna, og eins eru dæmi um ný og velheppnuð verkefni sem sýslumenn þróuðu innan embættanna, líkt og innheimta vanræskslugjalds eigenda og umráðamanna ökutækja hjá Sýslumanninum á Vestfjörðum.

Sú spurning situr eftir hvort hér hafi verið að kenna ekki nægum undirbúningi að hálfu ráðuneytisins eða hvort varð ofan formfesta í skipulagi stjórnarráðsins, þar sem hvert og eitt ráðuneyti er sem síló og ekki leyfist að vinna þvert á málaflokka. En telja verður að þetta mislukkaða upphaf, hafi leitt til neikvæðs spíralis í rekstri embættanna og sé að hluta undirrót þeirra breytinga sem kallað eftir í drögum að frumvarpsi.



Þessu er ágætlega lýst í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sýslumannsembættin og í greinargerð fjármálaáætlunar 2023-2027<sup>1</sup> um sértæka 150 mkr, fjárveitingu á árinu 2020.

Því er hér lýst áhyggjum að fjármögnun nýs embættis hvað varðar staðsetningu þess utan höfuðborgarsvæðis. Málið er að hluta reifað í greinargerð með Fjármálaáætlun 2023-2027 en slegið úr og í hvort eitt embætti eða fleiri verði niðurstaðan a.m.k. er engin tillaga um sértæka fjárveitingu á áætlunartímabilinu, sem reynslan sýnir að verður að vera til staðar. Það er mat Vestfjarðastofu að lagt sé upp með þær forsendur að byggja eigi á tveim þáttum við framkvæmd málsins, annarsvegar innri sparnaði þ.e. hagræði af fækkun embætta sýslumanna en það hefur ekki verið reiknað í gögnum málsin í Samráðsgátt og því óljóst hverju það skilar. Hinsvegar er vísað til verkefnis Byggðaáætlunar 2022-2036, A.8, *Stjórnsýslumiðstöðvar í héraði*, Vekja verður athygli á fjárhagsrammi verkefnisins fyrir næstu fimm ár er í heild 50 mkr eða 10 mkr á ári. Vestfjarðastofa hefur fullar efasemdir um þessi fjárhæð nægi til þessa verkefnis og því verði að telja að hér sé óvissa fyrir hendi varðandi fjármögnun fyrirhugaðra umbreytingar.

Vestfjarðastofa lýsir einnig áhyggjum af framtíðarrekstri starfstöðva en reynsla Vestfjarðastofu af rekstri starfsstöðvar miðlægra stofnana er það þær eiga sífellt undir högg að sækja. Mörg dæmi eru um eflingu starfstöðva með sértækum fjárveitingum til þeirra, sem síðan að nokkrum árum liðnum eru horfnar inn í miðlægan rekstur undir þeim formerkum að vernda verði kjarnastarfsemi eða verkefni þeirra eru flutt frá viðkomandi starfstöðvar til miðlægrar starfstöðvar stofnunar. Þetta á jafnt við sértækar fjárveitingar í fjárlögum eða í framlögum ráðuneyta. Við breytingu á lögum um opinber fjármál þá er rekjanleiki þessara fjárveitinga orðið enn verri og ógagnsæi aukist og Alþingi fær hér litlu um ráðið eftir að ákvörðun er tekin.

Að lokum ber að nefna hagræði af staðbundinni þekkingu hvernar starfsstöðvar á málefnum viðkomandi héraðs, hvernig fyrirkomulag annarar stjórnsýslu er háttað og öðrum aðstæðum sem eru breytilegar á milli starfssvæða. Ákvarðanir sem teknar eru af vankunnáttu geta verið kostnaðarsamar fyrir embættið og ekki síður skapað ójafnræði fyrir íbúa viðkomandi svæða miðað við önnur svæði.

## Önnur atriði.

### Fullnustumál í héraði.

Samkvæmt greingargerð frumvarpsins þá verður sýslumanni áfram falið að fylgja eftir margvíslegum fullnustumálum s.s. nauðungarsölum. Vestfjarðastofa vill hér spyrja hvort tryggt verði að aðilar máls geti eftir sem áður, áfrýað úrskurðum/málum sýslumanns til héraðsdómstóls samkvæmt starfsvæði þeirra, eða mun áfrýjunarmál héraðsdómstóls ráðast af staðsetningu embættis sýslumanns.

### “Landsvæðaskipting Sambands íslenskra sveitarfélaga”

Í umfjöllun um staðsetningu embættis sýslumanns utan höfuðborgarsvæðis þá er á bls 13, vísað til “landsvæðaskiptingar Sambands íslenskra sveitarfélaga”. Má hér ekki ætla að hér sé um að ræða misskiling, allvega er Vestfjarðastofu/Fjórðungssambandi ekki kunnugt um slíka skiptingu á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hér ber að skoða ákvæði sveitarstjórnarlaga 138/2011, þ.e. 97. gr m.a. um fjölda landshlutasamtaka sveitarfélaga og 98. gr um Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ísafirði 15. ágúst 2022 f.h. Vestfjarðastofu

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.

<sup>1</sup> (bls 255-259, málaflokkur 10.3)